

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 170/2009 um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað "Kr. 300.000" í 1. tölul. kemur: 360.000 kr.
- b. Í stað "Kr. 600.000" í 2. tölul. kemur: 720.000 kr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað "kr. 1.200.000" í 2. mgr. kemur: 1.440.000 kr.
- b. Í stað "1.200.000 kr." í 6. mgr. kemur: 1.440.000 kr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Er Tryggingastofnun heimilt að óska eftir álitu sjúkratryggingastofnunar á þörf umsækjanda fyrir hjálpartæki og bifreið.
- b. Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, sem verður 5. mgr. og orðast svo:
Að jafnaði skal ekki veittur styrkur vegna fatlaðra barna yngri en tíu ára. Í sérstökum tilfellum er heimilt að veita styrk vegna mikið fatlaðra barna yngri en tíu ára ef barnið þarf sannarlega sambærilega bifreið og fullorðinn einstaklingur í sambærilegri aðstöðu. Í þeim tilvikum skal m.a. horft sérstaklega til eðlis fætlunar barnsins, hvort að það sé óvenju hávaxið og/eða þungt miðað við aldur og hvort að barnið er óvenju háð fyrirferðarmiklum hjálpartækjum á meðan að það er í bifreiðinni.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 14. gr., sbr. 10. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. nóvember 2015.

Velferðarráðuneytinu, 30. október 2015.

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.